

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir söltuð þorsklök framleidd í desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir söltuð þorsklök framleidd í desember 1982:

Söltuð þorsklök	U.S. \$ pr. lest cif.
Flokkur A 700/up	3 850,00
Flokkur A 400/700	3 650,00
Flokkur A 200/400	3 450,00
Flokkur A 100/200	3 050,00
Flokkur B 700/up	3 400,00
Flokkur B 400/700	3 200,00
Flokkur B 200/400	2 800,00
Flokkur B 100/200	2 400,00

Verðbil verður 4% og miðast jafnt við verðhækkun sem verðlækkun.
Greiðslur í eða úr sjóðnum verða 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september 1982 til 31. desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. september 1982 til 31. desember 1982.

	U.S. \$ pr. lest cif.
Lausfrystur hörpudiskur	3,20
Blökkfrystur hörpudiskur	3,00
Rauður hörpudiskur	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrögnum verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á óverkuðum saltfiski og söltuðum ufsaflökum fyrir tímabilið 1.—31. desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest að sá verðgrundvöllur fyrir óverkaðan saltfisk og söltuð ufsaflök sem gildi fyrir tímabilið 1. september til 30. nóvember 1982 og staðfestur var með auglýsingu ráðuneytisins dags. 18. október gildir óbreyttur fyrir desembermánuð 1982.

Sjávarútvegsráðuneytið, 7. desember 1982.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1.—31. desember 1982.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest, að sá verðgrundvöllur fyrir freðfisk sem gildi fyrir framleiðslutímabilið 1. september til 30. nóvember 1982 og